SKAGASTRANDARHÖFN

Nýr áfangastaður á Norðurlandi vestra

Umsókn í Framkvæmdasjóð Ferðamannastaða
Desember 2021

Hönnunarsamkeppni um hafnarsvæðið

Óskað er eftir styrk til þess að stofna til hönnunarsamkeppni um hafnarsvæðið á Skagaströnd. Viðfangsefni samkeppninnar er uppbygging hafnarinnar sem áfangastaðar fyrir ferðamenn. Gera þarf ráð fyrir móttöku og umferð ferðamanna m.a. frá skemmtiferðaskipum sem koma í land á Skagaströnd. Markmiðið er að byggja nýja þjónustu m.a. með salernis- og sturtuaðstöðu fyrir ferðamenn á hafnarsvæði ásamt því að búa til og byggja upp nýja áningastaði meðfram strandlengjunni.

Leitast skal við að tengja saman vinsæla áfangastaði í sveitarfélaginu sem liggja í grennd við hafnarsvæðið. Tillögur skulu miða að heildstæðu skipulagi fyrir hafnarsvæði þar sem iðnaður og ferðamennska geta tvinnast saman á áhugaverðan og öruggan hátt. Litið verið heildstætt á svæðið með tilliti til aukinnar aðsóknar ferðamanna, móttöku skemmtiferðaskipa og þjónustu við þau. Með því að hanna aðkomu, gönguleiðir og áningarstaði á vinsælu hafnarsvæði eykst öryggi gesta og þeirra sem starfa við hafnarsækna starfsemi. Áhersla skal lögð á umhverfisvæna hönnun og aðgengi fyrir alla.

Loftmynd af Skagaströnd

Helstu svæði og tækifæri í ferðamennsku



Sandlækur
Falleg sandströnd. Svæði ofan við strönd skilgreint í aðalskipulagi sem frístundabyggð.

Spákonufellshöfði
Fólkvangur, útivist og fuglalíf
Bæta þarf stíga, stefnt er að því að byggja fuglaskoðunarhús

Hafnarsvæði
Sjávarútvegur í bland við ónýtt tækifæri í ferðamennsku. Stefnt er að því að skapa aðstöðu fyrir skemmtiferðaskip og búa til frekari aðstöðu fyrir ferðamenn. Tryggja þarf öryggi og nægan aðskilnað milli gesta og hafnartengdrar starfsemi.

Hólanes
Miðsvæði Skagastrandar. Fallegt svæði en nokkuð óreiðukennt skipulag. Skortir tengingu við hafnarsvæði. Hér við ströndina munu fyrirhuguð sjóböð vera staðsett.

Núverandi svæði og starfsemi sem þjónar ferðamönnum

Fyrirhuguð verkefni sem stuðla að aukinni ferðamennsku



Fuglaskoðunarhús

Hótel í gömlu síldarverksmiðjunni

Höfnin sem nýr áfangastaður fyrir skemmtiferðaskip og aðra ferðamenn

Baðlaugar og sjóbað á Hólanesi

Framtíðarsýn: Vel samtengd strandlengja með áhugaverðum áfangastöðum á leiðinni

Verkefni nú þegar í mótun

Baðlaugar og sjóbað
á Hólanesi



Frumhönnun lokið, fjármagnað af sveitarfélaginu. Áframhaldandi skipulag og fjármögnun verkefnis er í ferli.

Hótel í gömlu
síldarverkmsiðjunni

Herring
Hotel

Verkefni á hugmyndastigi. Frumathugun lokið, fjármagnað af sveitarfélaginu.

Fuglaskoðunarhús
á Spákonufellshöfða



Verkefni á hugmyndastigi. Sótt hefur verið um styrk í Framkvæmdasjóð Ferðamannastaða vegna framkvæmdarinnar.

Baðlaugar og sjóbað á Hólanesi

Hönnun: Arkþing Nordic

Hótel og veitingastaður í gömlu síldarverksmiðjunni

Hönnun: Esja Architecture

Verkefni sem sótt er um:
Hönnunarsamkeppni um hafnarsvæðið



1. Skipulag hafnarsvæðisins með tilliti til samtvinnunar ferðamennsku og sjávarútvegs. Aðstaða fyrir skemmtiferðaskip og aðrar skemmtisiglingar. Taka í gegn Hafnarhúsið sem aðstöðuhús fyrir ferðamenn.

2. Í samkeppninni verður einnig leitað eftir heildrænni framtíðarsýn fyrir strandlengjuna. Binda þarf saman miðsvæðið, hafnarsvæðið og höfðann.

Hafnarhúsið

Hafnarhúsið

Hafnarhúsið var upprunalega byggt árið 1935 á lóðinni þar sem síldarverksmiðjan reis síðar. Húsið var flutt á núverandi stað í kringum árið 1943. Húsið er timburhús sem síðar var klætt með bárujárni.

Saga hússins og staðsetning þess miðlægt á hafnarsvæðinu gerir það upplagt til þess að breyta í aðstöðuhús fyrir ferðamenn. Í húsinu getur verið upplýsingamiðstöð fyrir ferðamenn, hægt væri að vera með litla sögusýningu eða aðra fræðslu. Einnig verður salernis- og sturtuaðstaða og ef til vill setustofa / biðstofa fyrir fólk á leið í siglingar og aðra ferðamenn.

Svipmyndir frá hafnarsvæðinu

Gamla síldarverksmiðjan sést vinstra megin í myndinni og verið er að undirbúa löndun til hægri.

Hér sést Hafnarhúsið lengst til vinstri, og Spákonufell í baksýn.

Í góðu skyggni er víðsýnt frá höfninni

Hér sést í fallegar netageymslur á Miðgarði, sem mætti gera upp.

Miðgarður, með Spákonufellshöfða í baksýn.

Löndunarkrani á Miðgarði, Hafnarhúsið og Skúffugarður í baksýn.

CAI
tex
28
33
35
3
1

Nýja smábátahöfnin við Skúffugarð.

Hér sést yfir Miðgarð frá þaki síldarverksmiðjunnar

1318
2733
TREFJAR

Hér sést niður að höfn og út í bæ frá Spákonufellshöfða

skagastrond.is